



## Minnisblað

**Viðtakandi** Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd **Dagsetning** 10. júní 2024  
**Sendandi** Fjármála- og efnahagsráðuneytið **Málsnúmer** FJR24010124

Tillögur varðandi frumvarp til laga um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka hf.

Vísað er til [þinglegrar meðferðar](#) frumvarps til laga um ráðstöfun eignarhlutar í Íslandsbanka hf. Líkt og tilkynnt var um [á vef Stjórnarráðsins 24. maí sl.](#) hefur ráðuneytið fengið fjármálaráðgjafa í lið með sér til undirbúnings mögulegum útboðum. Meðfylgjandi eru breytingartillögur sem ráðuneytið telur æskilegt að gera á frumvarpinu, að höfðu samráði við fjármálaráðgjafann:

Í lok 2. mgr. 4. gr.: Söluþóknun til söluaðila skal nema 0,75% af heildarverðmæti seldra hluta.

- Röksemdir:** Í markaðs- og sölustarfi gagnvart fjárfestum er mikilvægt að samvinna söluaðila sé samstillt og skilvirk. Fyrra orðalag gæti dregið úr því að hvatar og hagsmunir hvers og eins söluaðila séu nægilega samofnir hagsmunum seljanda og/eða söluferlinu í heild. Með framangreindri breytingu er seljanda og ráðgjöfum á hans vegum auðveldað að skipuleggja markaðs- og sölustarf, þannig að heildarþóknun verði skipt milli söluaðila skv. ákvörðun seljanda í samræmi við skipulag útboðsins. Þannig má betur stuðla að því að markaðs- og sölustarf söluaðila verði samstillt og skilvirkt.

Í byrjun 3. mgr. 4. gr.: "Markaðssettu útboði skal skipt í tilboðsbók A og tilboðsbók B. Sala samkvæmt tilboðsbók A skal hafa forgang við úthlutun."

- Röksemdir:** Fyrra orðalag mátti skilja sem tæknilega útfærslu á sölu hvers og eins söluaðila fremur en skipulag útboðsins í heild sinni. Í framkvæmd yrði það ekki fýsilegt að hver og einn söluaðili væri með tvær tilboðsbækur á sinni könnu. Framangreint orðalag endurspeglar betur skiptingu útboðsins í tvær tilboðsbækur á heildstæðum grunni.

Í 1. másl. a-liðar 3. mgr. 4. gr.: a. Tilboðsbók A skal taka við söluþilboðum á föstu verði, sem skal nema meðalverði hlutabréfa í Íslandsbanka hf. síðustu 15 daga fyrir birtingu útboðslýsingar, eða síðasta dagslokagengi, með að hámarki 5% fráviki til lækkunar.

**Röksemdir:** Þegar mikið flókt er á hlutabréfaverði, hvort sem það er í lækkunar- eða hækkunarferli er ekki unnt að útiloka að 15 daga meðalverð að teknu tilliti til 5% fráviks sé hærra en dagslokagengi daginn fyrir birtingu útboðslýsingar. Slík takmörkun á sveigjanleika seljanda til að setja verð með fráviki frá dagslokagengi fyrir útboð gæti leitt til lakrar þátttöku í útboðinu. Því þykir rétt að auka sveigjanleikann á þann hátt að seljandi geti valið milli þess að miða við 15 daga meðalverð og síðasta dagslokagengis, áður en útboðslýsing er birt.